

**Hlíf Sigurjónsdóttir** nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík, fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaháskólann í Banff og nam einnig hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu hljóðfæraleikurum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníu- hljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada. Hún hefur frumflutt mörg tónverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Í ágúst síðastliðnum kom út tvöfaldur geisladiskur með öllum partítum og sönötum fyrir einleiksfiðlu eftir J. S. Bach í flutningi hennar.

Þann 11. janúar 2010 mun Hlíf halda tónleika í Merkin Concert Hall í New York borg í tilefni af útgáfu geisladiskanna sem nú eru fáanlegir í Bandaríkjunum og Kanada á [www.classicalCDs.net](http://www.classicalCDs.net)

Að loknu námi í Reykjavík, meðal annars hjá þeim Jóni Þórarinssyni og Þorkatli Sigurbjörnssyni, hélt **Jónas Tómasson** til framhaldsnáms í Amsterdam 1969-72 hjá þeim Ton de Leeuw, Léon Orthel og Jos Kunst. Nú kennir Jónas við Tónlistarskóla Ísafjarðar og hefur hann jafnframt stjórnað ýmsum hljóðfærasveitum og kórum bæjarins. Þessar kringumstæður hafa örvað Jónas til að semja fyrir þá tónlistarmenn og hljóðfæraflokka sem hann starfar með. Eftir hann liggur fjöldi verka og þar eru hljómsveitar-, kammer- og kórverk mest áberandi. Oftast er tónlistin hægferðug, innhverf og mjög frjáls í formi.

# *Hlíf Sigurjónsdóttir*

## Tónleikar

í

## Reykholtskirkju

í tilefni af útgáfu geisladisks með  
öllum Sönötum og Partítum  
eftir J.S. Bach fyrir einleiksfiðlu

6. desember 2009 klukkan 16:00

Johann Sebastian Bach fæddist inn í þekktu tónlistarfjölskyldu í Eisenach árið 1685.

Á árunum 1708–1717 starfaði hann við hirð Wilhelm Ernst greifa í Weimar. Þar varð hann þekktur og viðurkenndur fyrir orgelleik og þar samdi hann mörg tónverk fyrir orgel.

Árið 1717 réðst hann til starfa að hirð Leopolds greifa í Cöthen. Hann hafði engum kirkjulegum skyldum að gegna þar, en bar hins vegar ábyrgð á öllum tónlistarflutningi við hirðina og samdi fjölda verka fyrir hin ýmsu hljóðfæri.

Frá 1723 til dauðadags 1750 var J.S. Bach kantor við Tómasarkirkju í Leipzig og þar skóp hann bæði kirkjulega og veraldlega tónlist.

Einleiksverkin sex fyrir fiðlu, þrjár sönötur og þrjár partítur, samdi hann í Cöthen árið 1720, þá 35 ára gamall. Hann byggir þau á ríkjandi hefð þýsks fiðluskóla. Þær tilgátur eru uppi að hann hafi samið þau sem æfingar líkt og Paganini gerði síðar með Caprisur sínar. Ljóst er að Bach hefur þekkt fiðluna mjög vel og með sínu frjófa ímyndunarafli séð fyrir enn ó-uppgötvaða möguleika hljóðfærisins.

*Sönötur og Partítur fyrir einleiksfíðlu eftir J.S. Bach hafa fylgt mér allar götur frá námsárum mínum hjá Birni heitnum Ólafssyni konsertmeistara, en ég var svo lánsöm að stunda nám hjá þessum frábæra tónlistarmanni. Björn áleit þessi tónverk vera biblíu fiðluleikarans og mér eru þau mjög hugstæð. Lærimeistari Björns var fiðluleikarinn Adolf Busch. Síðasti kennari minn Gerald Beal, sem numið hafði hjá Jascha Heifetz, opnaði nýjar leiðir að þessum tónsmíðum með frumlegum tæknilegum lausnum og tærri músíkalskri nálgun. Ég vil heiðra minningu Björns með þessum tónleikum, og útgáfu þessara verka á geisladiskum.*

*Jónas Tómasson samdi Vetrartré fyrir mig vorið 1983, en þá hafði ég kennt tvo vetur á Ísafirði. Síðari veturinn hafði verið með afbrigðum snjóþungur og þegar ég kvaddi Ísafjörð í júní voru enn fannir í garðinum hjá Jónasi og Siggu og var Jónas að hlúa að trjám og saga greinar sem brotnað höfðu undan fargi vetrarins.*

### *Efnisskrá*

<i>Johann Sebastian Bach</i>	Sónata í g moll BWV 1001
1685 – 1750	Adagio Fuga, Allegro Siciliana Presto
<i>Jónas Tómasson</i>	Vetrartré
f. 1946	samin 1983 fyrir Hlíf og tileiknuð henni góð tré sorgmædd tré óð tré þögul ...
<i>Johann Sebastian Bach</i>	Partíta II í d moll BWV 1004
	Allemanda Corrente Sarabanda Giga Ciaccona